



Felum og finnum 4

Egg egg egg

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Ástæður	Umhverfi		Árstíð	
	Hvaða umhverfi sem er. Helst þar sem ekki er alveg opið svæði heldur möguleiki á að fela hluti.		Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Kennarinn, eða tvö til þrjú börn í sameiningu, fela plastegg sem hópurinn hefur tekið með sér úr leikskólanum.
- Kennarinn gefur börnunum fyrirmæli um að safna saman eggjunum og leggja þau á hvíta dúkinn. Ef eggin eru nógu mörg má óska eftir því að hvert barn finni tvö eða þrjú egg.
- Hægt er að leggja eggin á töluspjöld líkt og gert er í **Felum og finnum 1 – Fjár sjóaslekt**.
- Hægt er að leika með eggin á fjölbreyttan hátt, t.d. leyfa börnunum að búa til hreiður og leggja egg í þau. Einnig er hægt að leita að slíkum hreiðrum líkt og leitað er að eggjunum í þessum leik.

Gögn

Plastegg.
Hvítur dúkur.